

STJÓRNARTÍÐINDI A 2 — 1972

11. janúar 1972.

3

Nr. 2.

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 76 frá 17. júní 1958 fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 11. janúar 1972 á tillögu menntamálaráðherra um eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 76 frá 17. júní 1958 fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

1. gr.

32. gr. A. 2. málsgrein orðist svo:

Skrásetningargjald er 1500 krónur. Af gjaldi þessu renna kr. 500.00 til Félagsheimilis stúdenta unz greiddar hafa verið þær kr. 2 000 000.00, sem Stúdentaráð skal greiða til byggingar Félagsheimilis. Afgangurinn skiptist þannig, að $\frac{2}{3}$ hlutar renna í prófgjaldasjóð, en $\frac{1}{3}$ hluti í sjóð, sem nefnist stúdentaskiptasjóður. Skal fé hans vera í vörzlum háskólaráðs, en Stúdentaráð tekur ákvarðanir um veitingu fjár úr sjóðnum. Fé sjóðsins má aðeins verja til þess að stuðla að stúdentaskiptum milli Íslands og annarra ríkja, eftir því sem nánar verður ákveðið í skipulagsskrá sjóðsins, sem háskólaráð og Stúdentaráð setja, en staðfesta skal með venjulegum hætti.

32. gr. B. 1. mgr. breytist þannig, að málsliðurinn, sem hefst með orðunum „Skráningargjald er 1500 krónur . . .“, orðist svo: Skráningargjald er 1500 krónur, og renna 500 kr. til Félagsheimilis stúdenta unz greiddar hafa verið þær kr. 2 000 000.00 sem Stúdentaráð skal greiða til byggingar Félagsheimilis, 800 krónur renna til Félagsstofnunar stúdenta, en 200 krónur í prófgjaldasjóð.

2. gr.

53. gr. II. orðist svo:

II. Próf í íslenzku fyrir erlenda stúdenta.

Baccalaureatus philologiae Islandicae.

Námsefni skal vera í námsþáttum. Skal miða við, að hver námsþáttur svari til hálfis prófstigs til B.A.-prófs, þ. e. krefjist hálfis misseris náms. Til prófsins eru fjórir námsþættir, einn í hagnýtri málnotkun (í ræðu og riti), en þrír, er stúdent velur sér í samráði við kennara. Heimspékideild ákveður, hverjir séu valfrjálsir námsþættir og hvert námsefni hvers þáttar, að fengnum tillögum kennaranna í íslenzku.

Áður en stúdent segir sig í fyrsta sinn til prófs, er telst til fullnaðarprófsins, skal hann hafa lokið forprófi í hagnýtri málnotkun og íslenzkri menningu og menningarsögu. Forprófið er í tveimur áföngum og er bæði skriflegt og munnlegt. Heimspékideild er heimilt að veita stúdent undanþágu frá þessu forprófi, ef sérstaklega stendur á.

Fullnaðarprófið er í áföngum, og er sérstakt áfangapróf í hverjum námsþætti. Prófið í hagnýtri málnotkun er bæði skriflegt og munnlegt, en í valfrjálsum námsþáttum er prófað skriflega og/eða munnlega eftir ákvörðun hlutaðeigandi kennara. Heimilt er með samþykki hlutaðeigandi kennara, að ritgerð samin innan átta daga tímamarka koma í stað prófs í einum hinna þriggja valfrjálsa námsþátta. Einkunnir eru 5 alls: tvöföld einkunn í hagnýtri málnotkun og ein einkunn í hverjum hinna þriggja valfrjálsu námsþátta.

Stúdent skal að jafnaði hafa lokið síðasta áfangaprófi eigi síðar en á fjórða misseri, talið frá og með því misseri, er hann gekk undir fyrsta áfangaprófið.

Heimspékideild velur fjóra menn úr hópi kennaranna í íslenskri málfræði og bókmenntum, er standi fyrir prófinu ásamt kennara, er kennir hagnýta málnotkun.

3. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 11. janúar 1972.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

FORSETA BRÉF

um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda fimmtudaginn 20. janúar 1972, kl. 14.00.

Gjört í Reykjavík, 11. janúar 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.